

Frumherjar í ferðapjónustu

Geir Zoëga hóf þjónustu við erlenda ferðamenn um miðja nítjándu öldina. Afkomendur hans tóku upp merkið og höfðu umfangsmikla starfsemi á þessu sviði. Hér er rætt við Tómas Zoëga viðskiptafræðing um afskipti Zoëganna af ferðamálum og þátttöku hans í þeim á mótunarárum ferðaskrifstofureksturs á Íslandi.

Þótt ferðaiðnaður sé ung atvinnugrein á Íslandi er þjónusta við ferðamenn jafngömul fyrstu heimsóknum þeirra til landsins. Raunar var það ekki fyrr en um eða upp úr miðri átjándu öld að erlendir ferðamenn fóru að koma til landsins svo nokkru næmi. Þá virðist sem í sumum Evrópulöndum hafi áhugi vaknað á þessu furðulega landi og íbúum þess – nógur til þess að menn tóku sig upp og vildu líta eigin augum hvort það væri virkilega satt að inngangur að sjálfu helvíti væri að finna í fjallinu Heklu, hvort hér svömluðu sæskrímsli við strendur og hvort það væri satt að fólkið byggi í holum í jörðinni og hefði uppi undarlega síði bæði til munns og handa. Margir þeirra sem lögðu í Íslandsleiðangra á þessum árum höfðu skriffæri og teikniblokkir í farangri sínum og heimkomnir aftur rituðu þeir myndskreyttar bækur um ævintýraferðir sínar. Svo er að sjá að bækurnar og umtalið í kjölfar leiðangranna hafi enn aukið á Íslandsáhugann og fleiri og þá sérstaklega, Evrópubúar lögðu land undir fót og héldu til Íslands að skoða sig um.

Frá öndverðu voru Reykjavík eða Hafnarfjörður fyrstu viðkomustaðir ferðamannanna og þaðan lá leið flestra þeirra á þær slóðir sem enn þann dag í dag eru vinsælustu ferðamannastaðirnir á Íslandi: Þingvelli – Gullfoss – Geysi. Sumir þeirra lögðu meira að segja í enn lengri ferðir og voru í þeim svo vikum og mánuðum skipti. Til þess að komast á milli staða var sú eina leið fær að leita á náðir heimamanna bæði með leiðsögn og búnað. Af mörgu má marka að í langan tíma hafi þjónusta Íslendinga ekki verið dýru verði keypt og að landinn hafi jafnvel litið á það sem forfrömun og upphæfð að fá að fylgja hinum erlendu gestum um landið. Í sumum af elstu ferðabókunum um Ísland eru kostulegar lýsingar á ferðaútbúnaði,

ferðalögum og leiðsögumönnum og ekkert vafamál að þar er fært í stílinn jafnvel þótt það sé vitað að allt var með mjög frumstæðum hætti.

Á nítjándu öld tók komum erlendra ferðamanna mjög að fjölga, enda jukust þá verulega skipaferðir til landsins. En ferðamátinn innanlands var lengi vel hinn sami og áður. Það var sem tíminn hefði numið staðar á Íslandi eða þá aldrei verið til. Engir vegir voru í landinu og flestar ár óbrúaðar. Gisthús og veitingastaði var aðeins að finna í Reykjavík og stærstu kaupstöðunum. Í ferðalögum urðu jafnt innlendir sem erlendir að treysta á hestinn og var ekki að óseki að hann var kallaður þarfasti þjóninn. Þegar náttstaður var valinn þurfti annað hvort að liggja í tjöldum eða leita heim á sveitabæina sem fæstir voru merkilegir eða rúmgóðir. Sumir ferðamenn reyndu að hafa með sér mat til ferðarinnar og vera sem minnst upp á heimamenn komnir. Aðrir létu sér líka það sem á boðstólum var, fengu þó af og til að renna fyrir lax eða silung til að fá nýmeti eða þá að bregða sér út í móa til þess að skjóta þar lóur og spóa og voru undrandi á því að heimamenn lögðu sér slíka fugla alls ekki til munns.

Þegar sókn ferðamanna til Íslands tók að aukast varð smátt og smátt til hópura manna sem höfðu það sem aukabúgrein að veita þeim þjónustu. Skrefin voru stutt í fyrstu og oftast fólgin í því að útvega þeim hesta og búnað til ferðar og fylgja þeim um vandrataðar slóðir.

Einn af fyrstu Íslendingunum, ef ekki sá fyrsti, sem tók á skipulegan hátt að veita erlendum ferðamönnum þjónustu var Geir Zoëga útgerðarmaður og kaupmaður í Reykjavík. Má það raunar merkilegt teljast þar sem Geir hafði mörgum hnöppum að hneppa og var að auki vel stæður maður á þeirra tíma mælikvarða. Er mjög líklegt að það sem ráðið hafi hjá honum hafi fremur verið ánægja af ferðalögum og umgengni við útlendinga en fjárþörf. Geir var fæddur árið 1830 og dó árið 1916. Forfedur hans af Zoëgaætt voru upphaflega frá Ítalíu og fluttust til Danmerkur. Fyrir um það bil 200 árum kom svo einn þeirra, Jóhannes Zoëga sem hafði titilinn glerskeri til starfa hjá konungsversluninni í Vestmannaeyjum

og var hann ættfaðir Zoëganna á Íslandi.

BESTI MAÐUR Á JARÐARKRINGLUNNI

Það mun hafa verið árið 1856 sem Geir Zoëga hóf þjónustu við erlenda ferðamenn og af frásögn um hann í Ferðabók J. Ross Brown frá árinu 1862 má ráða að þá hafi Geir haft yfir að ráða bæði hestum og ferðabúnaði. Brown þessi sem bar Íslendingum og Íslandi misjafnlega söguna hóf Geir upp til skýjanna í skrifum sínum og segir að hann hafi verið gull í gildi sem leiðsögumaður. “Hann er ljóshærður, frisklegur og sviphreinn, innfæddur Íslendingur, hjartahreinn og handsterkur.” Bætur því svo við að Geir þekki hvern klett, hverja mýri og hvern forarpoll á leiðinni milli Reykjavíkur og Geysis. “Betri maður hefur aldrei lifað á þessari jarðarkringlu,” segir Brown. Hefur orðstír Geirs greinilega borist víða þar sem hann fékk umboð fyrir hina bresku ferðaskrifstofu Thomas Cook árið 1872. Hún var þá ein stærsta ferðaskrifstofa í heimi og þegar skipuleggja þurfti ferðir Kristjáns konungs 9. er hann kom til Íslands á þjóðhátíðina 1874 var Geir Zoëga falið það verkefni og að stjórna móttöku hans.

“JARÐARFARARTEMPÓ” Á FERÐALÖGUNUM

Geir Zoëga eftirlét Helga, syni sínum umboðið fyrir Cooks og ferðamálin árið 1904 en Helgi stundaði jafnframt verslunarrekstur í Reykjavík og gegndi aldrei leiðsögn í ferðum um landið. Sonur Helga var Geir H. Zoëga sem fæddur var árið 1896 og lést árið 1978. Hann var þjóðþekktur maður á Íslandi bæði fyrir störf sín að ferðamálum og athafnasemi en hann sinni m.a. um langt skeið umboðsstörfum breska, belgíska og spænskra togara, stundaði fisk- og skreiðarútflytning og rak kolaverslun þar sem nú er hús Seðlabanka Íslands. Um nokkurra ára skeið dvalist hann í Lundúnum þar sem hann starfaði fyrir Landssamband íslenskra botvörpuskipaeygenda.

Geir fór snemma að starfa að ferðamálum með föður sínum og sagði frá því í blaðaviðtali (Lesbók Mbl. 17. júlí 1977) að þegar hann var enn á barnsaldri

hafi hann verið hestasveinn í ferðum sem faðir hans skipulagði fyrir útlendinga en sína fyrstu langferð hafi hann farið þegar hann var um fermingu og þá austur að Geysi og þaðan niður í hreppa. “Þetta var að sjálfsgöðu frumstæður túrismi, það er rétt, og ekki var verið að flýta sér. Hraðinn var með jarðarfartempói enda trússhestar með koffortum með í förinni. Það var enginn smáræðisútbúnaður sem þurfti að taka með þegar tekið var á móti stórum hópi útlendinga og koma þeim áleiðis,” segir Geir í viðtalinu en í því kemur einnig fram að á þeim dögum hafi það tekið a.m.k. einn dag að komast til Þingvalla – stundum tvo og var þá gisti í Miðdal. “Og ýmislegt óvænt gat komið fyrir. T.d. man ég eftir því einu sinni að holbakki gaf sig undan koffortahesti á bökkum Þverár austur í Fljótshlíð. Hesturinn hrapaði í ána en flaut á koffortunum og það var töluvert basl að ná honum upp úr ánni.”

Þegar skipulag ferðamála á Íslandi var tekið til endurskoðunar og sá einkaréttur sem Ferðaskrifstofa ríkisins hafði haft á móttökuerlendraferðamannavarafruminn fékk Geir H. Zoëga ferðaskrifstofuleyfi númer eitt og stofnaði þá Ferðaskrifstofu Zoëga hf. sem hann starfrækti um árabil eða fram til ársins 1976 er hún var sameinuð Ferðaskrifstofunni Úrvali.

ATHAFNASEMI OG STÖRF

ERLENDIS

Síðasti ættliður Zoëga fjölskyldunnar sem starfaði að ferðamálum var Tómas Zoëga viðskiptafræðingur, sonur Geirs og Önnu Tómasdóttur, konu hans. Tómas var á fermingaráldri þegar hann fór að vinna að ferðamálum, þá hjá Þorleifi Þórðarsyni hjá Ferðaskrifstofu ríkisins. Eftir stúdentspróf hóf hann samstarf með föður sínum og starfaði með honum til ársloka 1975. Hann kynntist því starfi Ferðaskrifstofu Zoëga hf. vel en segja má að hún hafi verið rekin undir öðrum formerkjum en aðrar ferðaskrifstofur á Íslandi þar sem hún sinnti fyrst og fremst þjónustu við útlendinga.

Þegar rétt var við Tómas Zoëga byrjaði hann á því að afsaka sig og segja að fjölmargt er viðkæmi rekstri og störfum föður hans væru komið í glatkistuna. “Ég hef heldur ekki sama hæfileika og hann að rifja upp og segja frá. Í föður mínum blönduðust saman Zoëgar og Clausenar en amma mín var systir Óskars Clausens rithöfundar frá Stykkishólmi og þeirra bræðra sem þóttu hafa mikla frásagnargáfu. Ég var kjörsonur

pabba og á okkur var mikill aldursmunur þar sem hann var kominn um fimmtugt þegar ég kom til sögunnar. En ég held að engum sem þekkti pabba og fylgdist með honum hafi blandast hugur um að hann var á margar hátt óvenjulegur maður, athafnasamur og svo hugmyndaþróður að sumum fannst það jaðra við draumóra.”

Fyrstu ár ævi sinnar átti Tómas Zoëga heima í húsi sem faðir hans hafði byggt að Túngötu 9 og þótti það á þeim tímar, og þykir reyndar enn, eitt glæsilegasta einbýlishús í Reykjavík. Þegar fjölskyldan flutti til Lundúna árið 1946 var húsið og allur húsbúnaður seldur Sovétmönnum sem komu þar upp sendiráði sínu og hafa haft það þar allar götur síðan. “Ég hef séð myndir sem teknar eru í sendiráðinu og kannast þar við myndir og húsgögn sem ég man eftir úr frumbersku minni,” segir Tómas. Hann bætir því við að vel hafi farið um fjölskylduna á Englandsárunum.

“Ég vissi raunar lítið um það í hverju pabbi var að snúast. Aðalverkefni hans mun hafa verið að selja íslenskan fisk í Bretlandi og að vinna markaði á meginlandinu. Við bjuggum í þorpi sem heitir Weybridge og er í útjaðri Lundúna en þar keypti pabbi mjög stórt einbýlishús. Í því var svo mikill fjöldi herbergja að ég kann ekki að nefna töluna og húsinu fylgdi risastór garður. Í einu horni hans var hús garðyrkjumannsins og við höfðum þarna á tímabili þjónustufólk, sanna “bötlera”. Störfum pabba fylgdu töluvert ferðalög og kom einu sinni fyrir að við mamma fórum með honum akandi suður um alla Evrópu til Ítalíu þar sem hann var að hitta menn í tengslum við fiskisöluna.”

FERÐASKRIFSTOFULEYFI NÚMER EITT

Tómas segir að fjölskyldan hafi flutt heim til Íslands árið 1951 og þá hafði faðir hans snúið sér að mestu að skreiðarsölu og ferðaþjónustumálum.

“Hann vann einn í þessu til að byrja með. Það var í raun við ramman reip að draga fyrir þá sem vildu þjónusta erlendra ferðamenn þar sem Ferðaskrifstofa ríkisins hafði einkarétt á slíku. Lög um slíkt höfðu verið sett seint á fjórða áratugnum og hafði pabbi það oft á orði að það hefðu verið ólög að setja slíkar kvaðir sem í þeim fólust á þá sem höfðu sinnt ferðaþjónustu um langan aldur. Pabbi kallaði Ferðaskrifstofu ríkisins iðulega “óvininn” en þó var gott á milli hans og Þorleifs Þórðarsonar

sem þar réði ríkjum. Þegar lögunum var breytt var það pabba mikið metnaðarmál að fá ferðaskrifstofuleyfi númer eitt og það tókst honum. Lagabreytingin hafði það í för með sér að öll fyrirtæki sem höfðu ferðaskrifstofuleyfi gátu tekið á móti útlendingum og annast ferðalög og þjónustu við þá. Þar með var stærsta hlutverki Ferðaskrifstofu ríkisins raunar lokið og farið að reka þessa þjónustu á samkeppnisgrundvelli.”

Tómas Zoëga byrjaði að vinna að ferðamálum þegar hann var ungur að árum.

“Ég fékk sumarvinnu hjá Ferðaskrifstofu ríkisins meðan ég var í landsprófi og síðar í menntaskóla og vann einnig þar í jólaleyfum. Gerði það sem til féll og ég man að eftir að ég fékk bílpróf var ég stundum sendur út á land á rússajeppe skrifstofunnar með kerru aftan í með ýmis aðföng t.d. til Edduhótelanna sem þá var nýlega búið að koma á fót. Ég var kominn í nám í Háskóla Íslands þegar Ferðaskrifstofa Zoëga var stofnuð en fór þá að vinna þar jafnframt náminu.”

Tómas segir að fram að þessum tíma hafi umhverfið sem faðir hans starfaði í verið heldur snúið og óhagstætt vegna einkaleyfis Ferðaskrifstofu ríkisins.

“Eitt af meginverkefnum pabba í ferðaþjónustunni var að sinna skemmtiferðaskipum sem hingað komu. Það gerði hann allt frá því að þau hófu siglingar til landsins. Slíkar ferðir féllu niður á stríðsárunum en hófust aftur kringum 1950. Hann skipulagði móttökur ferðamannanna og ferðir þeirra hérlendis en varð síðan að leita til Ferðaskrifstofu ríkisins og láta hana annast sjálfa þjónustuna í hans umboði. Jafnhliða þjónustu við ferðamennina var hann oft umboðsmaður fyrirtækjanna sem gerði skipin út og sá um alla þá fyrirgreiðslu sem þau þurftu á að halda hérlendis, svo sem að útvega þeim vatn og kost. Það mátti hann gera.”

Þegar Tómas Zoëga hóf störf að ferðamálum hjá föður sínum var hann með skrifstofu uppi á lofti í Austurstræti 12 og hafði haft aðstöðu þar allt frá því að hann kom aftur heim frá Lundúnum.

FLESTIR KOMU TIL LANDSINS Á EIGIN VEGUM

“Þá voru hópferðir erlendra ferðamanna til Íslands nánast óþekktar,” sagði Tómas. “Ferðamennirnir voru einstaklingar sem settu sig í samband við ferðaskrifstofur

í heimalandi sínu og báðu þær um að annast milligöngu um Íslandsferð og alla þjónustu hér. Við fengum að vita svona nokkurn veginn hvað það var sem ferðamaðurinn sóttist eftir og síðan var ferðalag hans klæðskerasað ef svo má að orði komast. Tekið var á móti ferðamanninum á flugvellinum og þar fékk hann í hendur ferðaáætlun sína og bunka af greiðslubeiðnum eða “voucherum”. Ferðamaðurinn var eftir það mest á eigin vegum en gat leitað til okkar ef eitthvað var öðru vísi en það átti að vera eða eitthvað bjátaði á. Þeir sem fóru út á land ferðudust með sérleyfisbílum og flugvélum, t.d. tóku þeir Norðurleið sem fóru norður í land. Í ferðalögum sínum og á gististöðunum framvísuðu þeir ferðaávisunum og gefur auga leið að það var heilmikið mál að skipuleggja þetta allt saman og sjá til þess að hver og einn fengi það sem hann hafði greitt fyrir og óskaði eftir. Það bætti heldur ekki úr skák að á þessum árum var aðeins um örfá hótél að ræða úti á landsbyggðinni og því reidd á miklu að vera fljótur að panta þar herbergi. Það kom vissulega fyrir að vegna skorts á hótelrymi yrði að hafna því að taka á móti ferðamönnum þótt það hafi ekki verið oft. Hins vegar kom fyrir að það þurfti að breyta ferðaáætlunum viðkomandi. Þótt starfið byggði á þjónustu við einstaklinga kom það vissulega fyrir að hópar kæmu hingað en þeir urðu þá til erlendis – fólk sem tók sig saman og ferðaðist til Íslands af einhverju ákveðnu tilefni. Ég man t.d. eftir hópi áhugaljósmyndara sem kom hingað og við tókum á móti.”

Þaðvarekki fyrr en seint á sjöunda áratug tuttugustu aldarinnar sem Ferðaskrifstofa Zoëga fór að annast sætaferðir fyrir hópa útlendinga.

“Slíkar hópferðir voru raunar byrjaðar eitthvað fyrr og í þeim var fólk sem sóttist eftir hálandisferðum en þær vorum við aldrei með. Ef fólk hafði samband við okkur og bað um hálandisferð vísuðum við þeim á Guðmund Jónasson og Úlfar Jacobsen sem sérhæfðu sig í slíkum ferðum. Ferðirnar sem við önnuðumst voru á hina hefðbundnu ferðamannastaði og svo auðvitað svokallaðar hringferðir um landið sem þó voru engar hringferðir þar sem vegurinn yfir Skeiðarársand var ekki kominn. Þá var útlendingum safnað saman í hópferðabíl, þeim fenginn leiðsögumaður, og síðan ekið sem leið lá norður og austur alla leið til Hornafjarðar. Þar tóku ferðalangarnir svo flugvél til Reykjavíkur sem jafnframt flutti

annan hóp ferðamanna til Hornafjarðar sem tók svo hópferðabilinn til baka austur og norður um til Reykjavíkur. Eftir að þessar ferðir komu til sögunnar dró úr einstaklingsþjónustunni þar sem hópferðir voru bæði ódýrari og hagkvæmari fyrir ferðamanninn. Lengi vel vildi þó ákveðinn hópur fólks ferðast á eigin vegum og var þjónusta eins og ég hef áður lýst haldið uppi fyrir það fólk.”

Tómas var spurður að því hvort flestir farþeganna sem Ferðaskrifstofa Zoëga annaðist hafi komið í gegnum Cooks ferðaskrifstofuna í Bretlandi.

“Það er ekkert vafamál að lengi vel voru viðskiptin við Cooks mikilvæg en þetta breyttist með árunum. Margir halda að þau hafi verið bakbeinið í rekstrinum og þá sennilega vegna þess hvað þessi ferðaskrifstofan var forn og fræg. Sannleikurinn er sá að þau ár sem ég rak Ferðaskrifstofu Zoëga voru þau viðskipti sem voru við Cooks orðin hverfandi. Við áttum viðskipti og samskipti við fjölmargar ferðaskrifstofur vítt og breitt í Evrópu. Hins vegar voru viðskiptin við Bandaríkin lítil. Viðþjónuðum reyndarskemmtiferðaskipum sem sigldu með Bandaríkjamenn en það voru evrópsk skip eins og t.d. sænsku skipin Gripsholm og Kungsholm. Það má segja að lögmál viðskiptanna hafi verið einfalt: Að þjóna öllum þeim sem vildu eiga viðskipti við okkur. Á þessum árum var varla um að ræða beina sölu eða samskipti við viðskiptavinina. Þá voru engar tölvur eða netsamskipti, í besta falli telex og sími. Þeir sem á annað borð ætluðu að ferðast til Íslands sneru sér því til ferðaskrifstofa í heimalandi sínu sem síðan hafði samband við okkur.”

SKEMMTIFERÐASKIPIN VORU VEIGAMIKILL ÞÁTTUR

Var móttaka skemmtiferðaskipanna veigamikill þáttur í starfsemi Ferðaskrifstofu Zoëga er spurning sem lögð er fyrir Tómas.

“Já, hún var það,” svarar hann. “Eins og fram hefur komið áður tók skrifstofan á móti nánast öllum skemmtiferðaskipum sem komu til landsins, bæði fyrir og eftir tíma Ferðaskrifstofu ríkisins. Aðrir þjónustuaðilar fengu kannski eitt og eitt skip. Þetta var arðgefandi, góður “business” ef ég má orða það svo en kostaði mikla skipulagsvinnu og skorpuvinnu meðan á heimsóknum skipanna stóð enda mikill fjöldi farþega með þeim. Skipin stoppuðu

hér yfirleitt aldrei yfir nótt. Þau höfðu flest aðeins viðkomu í Reykjavík. Mest var farið með farþegana í hina hefðbundnu ferð sem kallast nú “gullni hringurinn”. Á sjöunda áratugnum fór það að byrja að skipin hefðu víðar viðkomu svo sem í Vestmannaeyjum, á Ísafirði og á Akureyri þar sem farþegarnir fóru í land og héldu með hópferðabílum til Mývatns. Meðan þeir voru í ferðinni sigldu skipin til Húsavíkur þar sem farþegarnir voru teknir aftur um borð. Við slíkar ferðir höfðum við samstarf við Jón Egilsson og hans góða fólk á Ferðaskrifstofu Akureyrar.”

Tómas segir að vissulega hafi verið samkeppni í þessum þætti ferðabjónustunnar.

“Eftir að ferðaskrifstofum á Íslandi fjölgaði kom til samkeppni um móttöku skipanna. Við urðum oft varir við að aðrir væru að reyna að koma fæti milli stafs og hurðar. Slíkt var auðvitað í anda samkeppinnar. En þeir sem höfðu notið þjónustu okkar sýndu okkur mikla tryggð og höfðu undantekningarlítið samband við okkur og greindu frá því hvað var verið að bjóða þeim. Ég hafði þann háttinn á í samskiptum við þá að leggja alltaf spilin á borðið. Ég sagði við viðskiptaaðila okkar að það væri á þeirra valdi að velja – við gætum lækkað kostnað og þar með verð með því að draga úr þjónustunni. Undantekningarlaust völdu þeir þann kostinn að halda því sem þeir höfðu haft og skipta áfram við okkur.” Tómas segir að kröfurnar sem gerðar voru hafi verið mismunandi. “Mörg skipafélögin voru með það sem við köllum velborgandi farþega og gerðu kröfur í samræmi við það. Þegar ferðast var með slíka farþega í hópferðabílum mátti t.d. aldrei fylla þá nema að tveimur þriðju. Allir þurftu að hafa rúmt um sig og þetta átti raunar við alla þjónustu sem þeir keyptu. Í öðrum tilvikum þurfti ekki að hugsa um slíkt. Þá var drepið í hverja smugu í bílunum. Auðvitað var verðið því mismunandi. En ég get sagt með stolti að Ferðaskrifstofa Zoëga veitti prýðisgóða þjónustu hverjir svo sem áttu í hlut og hún var grunnurinn að því að við héldum þessum viðskiptum ár eftir ár.”

MIKILL UNDIRBÚNINGUR FYRIR STUTTAN TÍMA

En var ekki ferðamannatíminn stuttur og lítið um að vera yfir vetrartímann?

“Jú, það var nákvæmlega ekkert um að vera á veturna og vertíðin stutt – aðeins frá því í júní og fram í ágúst. Átti það bæði

við um skemmtiferðaskipin og ferðamenn sem komu á eigin vegum. Það var vitanlega verið að reyna að teygja tímann í báðar áttir en gekk ekki mikið af ýmsum ástæðum. Langflestir erlendir ferðamenn sem komu hingað á þessum árum höfðu þann eina tilgang með ferð sinni að skoða landið og náttúru þess og völdu til þess þann árstíma sem vænta mátti að veðrið væri skást. Fólk var ekki að sækja hingað afþreyingu eða skemmtanir.” Og Tómas bætir við:

“Þótt ferðamannatíminn væri stuttur var undirbúningurinn mikill og stóð allan veturinn. Við vorum í stöðugu sambandi við erlendu ferðaskrifstofurnar og því fylgdi gífurleg pappírsvinna á þessum árum. Það voru skrifuð bréf fram og til baka og hafði faðir minn og síslaði við sitt til æviloka. Naut hann góðs atlætis hjá Steini Lárussyni en milli þeirra var mikið vinarþel.”

Þegar ferðaskrifstofan var sameinuð Úrvali var Tómas Zoëga hættur í ferðabrasanum.

“Þegar kom að útvíkkunarstefnunni höfðum við feðgar mismunandi sjónarmið,” segir Tómas. “Ætli það megji ekki segja að ég hafi viljað fara varlega og halda mig við háalofitið. Mestu máli skipti þó að ég var aldrei sölu- eða “businessmaður” og var eiginlega búinn að missa áhugann á ferðabjónustunni. Í mikilli vinsemd skildu leiðir og ég fór að sinna öðrum málum sem ég hafði meiri áhuga á. Ég er hins vegar viss um að ef ég hefði ætlað mér að vera áfram í ferðamálunum hefði ég reynt að beita áhrifum mínum og staðið öðru vísi að málum. Það – að ég hætti breytti engu um að við héldum góðu sambandi allt til æviloka þabba og bárum virðingu hvor fyrir öðrum.”

ÁFORM SEM URÐU EKKI AÐ VERULEIKA

Ferðaskrifstofa Zoëga var til húsa uppi á lofti í Austurstræti 12 allt fram til ársins 1964. “Þá var tekið á leigu húsnæði í Hafnarstræti 5 og búið þar í nánú sambyli við Rammagerðina sem var þá aðalminjagripasalan í Reykjavík. Hún var með þann hluta húsnæðisins sem sneri út að Hafnarstræti en ferðaskrifstofan hafði rými innar í húsinu. En svo breyttust tíma. Ferðaskrifstofum fjölgaði og þær fóru í auknum mæli að leggja áherslu á að flytja Íslendinga til útlanda og þá einkum til sólarlanda. Þá fór föður minn að dreyma drauma og hann fór að vera með væntingar um að taka þátt í þessu ævintýri, verða eins og Ingólfur og Guðni og allir hinir – hafa skrifstofu- og sölustúlkur í dröktum og “tilbehör”. Hann vildi fá stóra skrifstofu og fína aðstöðu. Úr varð að Rammagerðin fór út og húsnæðið var innréttað upp á nýtt. Innréttungarnar voru einstaklega vandadar og eru enn að hluta til í húsnæði Veidimannsins. Skrifborðin voru meira að segja skraddarasamud. Síðan var opnað með pomp og prakt og hafði nú orðið mikil breyting frá því að við vorum uppi á lofti

í Austurstræti með síma og skeytablokk sem einu hjálpartækin. En áformin um útflutning íslenskra ferðamanna gengu ekki eftir hjá Ferðaskrifstofu Zoëga. Um miðjan áttunda áratuginn kom svo til mikil olúkreppa og henni fylgdi að verulega dró úr siglingum skemmtiferðaskipa og komu þeirra hingað. Kostnaður við reksturinn hélt hins vegar áfram að aukast og varð meiri en tekjurnar. Erfiðir tímar tóku við og að lokum varð niðurstaðan sú að Ferðaskrifstofa Zoëga var sameinuð Ferðaskrifstofunni Úrvali og þangað flutti faðir minn og síslaði við sitt til æviloka.

Naut hann góðs atlætis hjá Steini Lárussyni en milli þeirra var mikið vinarþel.”

Þegar ferðaskrifstofan var sameinuð Úrvali var Tómas Zoëga hættur í ferðabrasanum.

“Þegar kom að útvíkkunarstefnunni höfðum við feðgar mismunandi sjónarmið,” segir Tómas. “Ætli það megji ekki segja að ég hafi viljað fara varlega og halda mig við háalofitið. Mestu máli skipti þó að ég var aldrei sölu- eða “businessmaður” og var eiginlega búinn að missa áhugann á ferðabjónustunni. Í mikilli vinsemd skildu leiðir og ég fór að sinna öðrum málum sem ég hafði meiri áhuga á. Ég er hins vegar viss um að ef ég hefði ætlað mér að vera áfram í ferðamálunum hefði ég reynt að beita áhrifum mínum og staðið öðru vísi að málum. Það – að ég hætti breytti engu um að við héldum góðu sambandi allt til æviloka þabba og bárum virðingu hvor fyrir öðrum.”

HUGSAÐ STÓRT OG HORFT TIL FRAMTÍÐAR

Geir H. Zoëga lést 25. mars 1978 og lauk þar með afskiptum Zoëga ættarinnar af ferðamálum á Íslandi sem staðið höfðu í meira ein eina öld. Engum blandast hugur um að Zoëgarnir unnu mikið brautryðjendastarf og lögðu með því grunninn að ferðabjónustu á Íslandi og sennilega verður það starf seint metið að verðleikum. Þeir voru stórhuga og sáu að þessi atvinnugrein ætti mikla framtíð fyrir sér. Sáú líka að margt þurfti að gera til þess að draumar yrðu að veruleika. Voru t.d. talsmenn bættra samgangna og byggingu nýrra og betri hótela. Þannig mun Geir H. Zoëga manna fyrstur hafa gerst talsmaður þess að reist yrði brú yfir Borgarfjörð. “Þar sá hann fyrir sér einskonar íslenska “Golden Gate”, segir Tómas, sonur hans. Í fyrrnefndu viðtali Gísla Sigurðsson í

Lesbók Morgunblaðsins segir Geir álit sitt á möguleikum ferðabjónustunnar á Íslandi og áformum sínum sem ber eldmóði hans vitni, en hann var 82 ára þegar viðtalið var tekið. Þar segir hann:

“... En við eigum stórkostlega möguleika í þeirri grein að taka á móti og hafa tekjur af ferðafólki. Eins og fram kom í frétt Morgunblaðsins seint í apríl þá hef ég lengi haft áhuga á því að byggja í Reykjavík fimm stjörnu ráðstefnuhótel en ráðstefnuhald er einmitt meðal þess sem mest gefur af sér í hótellekstri. Ég var nýlega á ferð í London og átti þá viðræður við bankastjóra Hambrosbanka um þetta mál. Því var vel tekið og nú liggur fyrir að Hambrosbanki vill lána 70% af stofnkostnaði slíks luxushótelis sem kosta mun hátt í 2000 milljónir. Af þessu yrðu geysimiklar tekjur og af rekstri hótelsins mætti allt að tvöfalda tölu erlendra ferðamanna. Ég álit að þetta sé stórmál ekki síst vegna þess að ferðasamsteypurnar sem við höfum áður á minnst Thomas Cooks og Wagons - Lits hafa heitið því að beina ráðstefnum til Íslands á tímabilinu frá september og fram í maí eða utan hins venjulega ferðatíma. Ég hef þegar rætt málið við samgönguráðherra og ýmsa aðila sem hafa áhuga á því að þessi hugmynd verði að veruleika sem fyrst.”

Mikið vatn hefur runnið til sjávar frá því að Geir H. Zoëga mælti þessi orð. Sumar draumsýnir hans eins og Borgarfjarðarbrúin og ráðstefnuhótel hafa ræst. Aðrar ekki. Ferðamannaþjónusta er orðin ein mikilvægasta atvinnugrein landsmanna. En sumt er þó nánast við það sama. “Maður heyrir stundum fjallað um að ferðabjónustan sé ung atvinnugrein sem þurfi að hlúa betur að,” segir Tómas Zoëga. “Það eru enn nánast notaðar sömu setningarnar og orðin sem maður heyrði þegar ég var að byrja í þessari atvinnugrein kringum 1960. Þá var verið að ræða aukna markaðssókn og að ríkið legði til fjármuni í hana, rétt eins og er ofarlega á baugi nú. Ég er þeirrar skoðunar að ekki sé nægjanlega litið til möguleikanna á þessu sviði og það stafi kannski fyrst og fremst af því að ríkið fær ekki tekjurnar af atvinnugreininni beint í eigin vasa heldur eru tekjur þess afleiddar. Þess vegna er ferðabjónustan vanmetin. En ég get heilshugar tekið undir það sem faðir minn sagði í viðtalinu að “við eigum stórkostlega möguleika” í þessari atvinnugrein og þurfum að nýta okkur þá jafnvel enn betur en við höfum gert til þessa og skapa henni aðstæður til þess að blómstra.” ❄